

Adam Smith

Úr Auðlegð þjóðanna

Valdir kaflar úr Auðlegð þjóðanna eftir
Adam Smith í þýðingu Þorbergs Þórssonar

I BÓK

Um orsakir fyrir umbótum á framleiðslumætti vinnuaflsins og um skipulagið sem afurðir þess dreifast náttúrliga eftir til hinna ýmsu stétta og hópa þjóðarinnar

I KAFLI

Um verkaskiptingu

- VERKASKIPTINGIN virðist hafa valdið mestu um umbæturnar sem hafa orðið á framleiðslumætti vinnuaflsins. Hún hefur einnig valdið mestu um umbætur á því af hvaða kunnáttu, leikni og dómgreind vinnuaflinu er stjórnad eða beitt.
- Auðveldara verður að skilja, hvaða áhrif verkaskiptingin hefur haft á atvinnulíf samfélagsins, ef hugsað er um það hvernig hún verkar í einhverri ákveðinni atvinnugrein. Verkaskiptingin er almennt talin ganga lengst í sumum afar smávægilegum iðngreinum. En það stafar þó kannski ekki af því að hún gangi í rauninni lengra þar en í öðrum mikilvægari, heldur af því að í þeim smáu iðngreinum, sem er ætlað að fullnægja smærri þörfum aðeins lítils hluta þjóðarinnar, hlýtur heildarfjöldi verkamanna að vera smár. Og svo má oft safna þeim sem vinna í hverri einstakri grein
- verksins í eina vinnustofu og hafa þá alla saman í augnsýn áhorfandans. Gagnstætt þessu eru notaðir svo margir verkamenn í hverjum verkhluta í þeim stóru iðngreinum sem er ætlað að sjá fyrir stórum hluta af þörfum fjöldans, að það er ógerlegt að safna þeim saman í eina og sömu vinnustofuna. Við getum sjaldnast séð fleiri í einu en þá sem vinna í einni starfsgrein. Þó að hægt sé að skipta verkum miklu meira í slíkum iðngreinum, en í þeim sem eru smærri í sniðum, er skiptingin ekki nærri því eins augljós og hefur eftir því vakið minni athygli.
- Tökum þess vegna dæmi af mjög smávægilegri iðngrein, sem oft hefur vakið athygli fyrir mikla verkaskiptingu, en það er tíuprjónagerðin. Verkamaður, sem er hvorki menntaður til þessa starfs (sem verkaskiptingin hefur gert að sérstakri atvinnugrein) né kunnugur notagildi vélanna

sem eru notaðar við það (en uppfinning þeirra er líklega afrakstur þessarar sömu verkaskiptingar), gæti ef til vill búið til einn títuþrjón á dag með því að leggja sig allan fram. Hann gæti örugglega ekki búið til tuttugu. En eins og þessu verkefni er sinnt núna er ekki aðeins allt verkið sérstök atvinnugrein heldur er því skipt í marga hluta. Flestir þessara verkhluta eru líka atvinnuvegir út af fyrir sig. Einn maður dregur vírinn út, annar réttir hann, hinn þriðji klippir hann og sá fjórði brýnir oddinn, loks slípar fimmti maðurinn endann til að hægt sé að festa hausinn á. Það krefst tveggja eða þriggja sérstakra aðgerða að búa hausinn til og það er sérstök starfsgrein að festa hann á, loks er enn önnur grein að hvítta títuþrjónana. Það er jafnvel sérstök atvinna út af fyrir sig að stinga þeim í bréfið. Hinu mikilvæga verkefni að framleiða títuþrjóna er þannig deilt í um það bil átján sérstakar aðgerðir, sem í sumum vinnustofum eru hver um sig unnar af sérstökum mönnum, þó að í öðrum sjái sami maðurinn stundum um tvær til þrjár þeirra. Ég hef séð litla vinnustofu af þessu tæi þar sem unnu aðeins tíu menn og af þeim sökum sinntu sumir þeirra tveimur eða þremur sérstökum verkefnum. En þó að þeir væru mjög fátækir og væru þess vegna heldur illa búnir nauðsynlegum tólum gátu þeir saman búið til um tólf pund af títuþrjónum á dag með því að leggja hart að sér. Í einu pundi eru rúmlega fjögur þúsund meðalstórir títuþrjónar. Í sameiningu gátu þessir tíu menn því búið til rúmlega fjörutíu og átta þúsund títuþrjóna á dag. En hefðu þeir allir smíðað hver fyrir sig, án þess að hjálpast að og án þess að nokkur þeirra hefði fengið tilsögn í þessari sérstöku starfsgrein, þá hefðu þeir hver um sig áreiðanlega ekki getað búið til tuttugu títuþrjóna á dag og kannski ekki einn einasta. Þeir hefðu því áreiðanlega ekki getað afkastað einum tvö hundruð og fertugasta hluta, kannski ekki einum fjögur þúsund og átta hundraðasta hluta af því sem þeir eru nú færir um að afkasta vegna hinnar réttu

skiptingar og samsetningar hinna ólíku aðgerða sinna.

4 Í öllum öðrum iðngreinum og handverki eru áhrif verkaskiptingarinnar áþekkt því sem þau eru í þessari mjög svo smávægilegu iðni, þó að hvorki sé hægt að deila verkunum svo mjög niður í mörgum þeirra né greina þær niður í svo sára einfaldar aðgerðir. Að því marki sem verkaskiptingu verður við komið veldur hún hlutfallslegri aukningu á framleiðslumætti vinnunnar í öllum atvinnugreinum. Aðskilnaður ólíkra atvinnugreina og starfsgreina virðist hafa átt sér stað vegna þessa hagræðis. Þessi aðskilnaður gengur líka yfirleitt lengst í þeim löndum sem búa við iðnað og umbætur á hæsta stiginu. Það sem er verkefni eins manns í frumstæðu samfélagi er yfirleitt verkefni margra í samfélagi þar sem meiri umbætur hafa átt sér stað. Í sérhverju umbættu samfélagi er bóndinn oftast ekkert annað en bóndi og verkamaðurinn ekkert annað en verkamaður. Svo er þeim verkum, sem eru nauðsynleg til að búa til sérhvern fullgerðan smíðisgrip, nánast alltaf deilt á fjölmargar hendur. Hversu margar ólíkar starfsgreinar þarf í hverri grein língerðar og ullarframleiðslu, frá þeim sem rækta hör og ull til bleikjara og straujunarmanna hörsins eða til litunarmanna og sterkjara dúksins! Reyndar leyfir eðli landbúnaðarins ekki svo mikla verkaskiptingu eða eins fullkomna aðgreiningu eins verkahrings frá öðrum og iðnaðurrinn. Það er ógerningur að aðgreina svo fyllilega verkahring nautahriðisins frá verkahring kornbóndans eins og verkefni trésmíðisins eru yfirleitt aðgreind frá verkefnum járnsmíðisins. Spunamaðurinn er næstum alltaf annar en vefarinn, en oft eru plógmaðurinn, herfismaðurinn, sáðmaðurinn og kornskurðarmaðurinn einn og sami maðurinn. Þar sem tilefnin til þessara ólíku starfa verða á ólíkum árstímum er ómögulegt að einn og sami maðurinn hafi ævinlega aðeins eitt þeirra með höndum. Ef til vill er ástæðan til þess, að umbætur á framleiðslumætti vinnunnar í landbúnaði halda

ekki alltaf í við umbætur í iðngreinunum, einmitt sú að það er ógerlegt að aðgreina svo fyllilega allar þær ólíku starfsgreinar sem landbúnaðurinn nýtir sér. Hinar auðugustu þjóðir skara svo sannarlega fram úr öllum nágrönnum sínum í landbúnaði, rétt eins og í iðngreinunum, en yfirleitt skara þær meira fram úr í hinu síðarnefnda en því fyrirnefnda. Lönd þeirra eru oftast betur ræktuð og þar sem meira er í þau lagt af vinnuafli og útgjöldum gefa þau meira af sér í hlutfalli við stærð og náttúrulega frjósemi jarðarinnar. En þessir yfirburðir í framleiðslu eru sjaldnast miklu meiri en svo að þeir séu í hlutfalli við yfirburðina í vinnuafli og útgjöldum. Í landbúnaði er vinnuafli ríka landsins ekki alltaf framleiðnara en vinnuafli fátæka landsins, það er að minnsta kosti aldrei jafn mikill munur á framleiðni þess í landbúnaði og oftast er á framleiðni þess í iðngreinunum. Í ríku landi mun korn því ekki alltaf fara á lægra verði á markað en jafn gott korn í fátæku landi. Þólskt korn er jafn ódýrt og jafn gott franskt korn, þó að auðlegð sé mun meiri í síðarnefnda landinu og umbætur hafi þar verið meiri. Í kornhéröðum Frakklands er kornið fullt eins gott, og það er flest árin á svipuðu verði og enskt korn, þó að vera megi að Frakkland sé eftirbátur Englands að auðlegð og umbótum. Í Englandi eru kornhéröðin samt í betri rækt en í Frakklandi og kornhéröð Frakklands eru sögð mun betur ræktuð en kornhéröð Póllands. En þó að fátæka landið geti, þrátt fyrir lakari ræktun, að nokkru keppt við hið ríka í gæðum og verði korns síns getur það ekki ætlað sér í neina slíka samkeppni í iðngreinunum, að minnsta kosti ekki í þeim iðngreinum sem henta jarðvegi, loftslagi og aðstæðum ríka landsins. Franskt silki er betra og ódýrara en enskt silki af því að loftslagið í Englandi hentar ekki jafn vel fyrir silkiframleiðslu og loftslagið í Frakklandi, að minnsta kosti ekki við þá háu tolla sem nú eru lagðir á óunnið silki við innflutning. En járnvaran og grófa ullarefnið enska er langtum betra en það franska og

þessar vörur eru líka mun ódýrari í sama gæðaflokki. Sagt er að varla sé nokkur iðnframleiðsla af neinu tæi í Póllandi, fyrir utan framleiðslu á einföldum búasáhöldum sem ekkert land getur án verið.

- 5 Sú mikla aukning á þeim verkum, sem verkaskiptingin hefur gert jafn marga menn færa um að inna af hendi, stafar af þremur ólíkum áhrifavöldum. Í fyrsta lagi eykst leikni hvers einstaks verkamanns. Í öðru lagi sparast sá tími sem tapast venjulega þegar menn snúa sér frá einu verki að öðru. Og loks eru margar vélar fundnar upp sem auðvelda og stytta verkin og gera einum manni kleift að vinna verk margra manna.
- 6 Í fyrsta lagi hljóta umbætur á leikni verkamannsins að fjölga þeim verkum sem hann getur unnið. Og verkaskiptingin hlýtur að auka leikni verkamannsins, því hún smækkar verkahring sérhvers manns niður í eina einfalda aðgerð og gerir þessa aðgerð að eina verkefni lífs hans. Ég þykist vita að ef venjulegur járnsmiður, sem er vanur að handleika hamarinn en hefur þó aldrei vanist við að smíða nagla, neyðist af einhverjum sérstökum ástæðum til að gera það, þá muni hann varla geta smíðað fleiri en tvö til þrjú hundruð nagla á dag og þá mjög slæma. Járnsmiður, sem hefur vanist við að smíða nagla en hefur ekki haft naglagerð að aðalstarfi, getur sjaldan, þótt hann leggi sig allan fram, smíðað fleiri en átta hundruð til þúsund nagla á dag. Ég hef séð nokkra stráka, undir tvítugu að aldri, sem gátu smíðað yfir tvö þúsund og þrjú hundruð nagla á dag hver fyrir sig með því að leggja hart að sér. Þó er naglagerð hreint ekki meðal einföldustu verka. Sami maðurinn blæs í físisbelginn, skarar í eldinn eða bætir á hann eftir þörfum, hitar járníð og mótar alla hluta naglans og þegar hann smíðar hausinn neyðist hann líka til að skipta um verkfæri. Þær ólíku aðgerðir, sem tituprjónaframleiðsla eða málmhnappaframleiðsla skiptist í, eru allar miklu einfaldari og leikni mannsins, sem hefur það hlutverk helst í lífinu að vinna þau verk, er vanalega miklu meiri.

Sum verkin í þessum iðngreinum eru unnin í svo undraverðum flýti að þeir sem hafa aldrei séð verkin unnin hefðu ekki trú að því að hægt væri að þjálfa mannshöndina upp í að vinna svo hratt.

7 Í öðru lagi er ávinningurinn, sem hefst af því að spara tímann sem tapast yfirleitt við að snúa sér frá einu verki að öðru, miklu meiri en okkur kynni að virðast við fyrstu sýn. Það er ógerningur að vera mjög snöggur að snúa sér frá einu verki að allt annars konar verki sem er unnið á öðrum stað og með gerólíkum verkfærum. Vefari, sem býr á litlum sveitabæ, hlýtur að tapa talsverðum tíma við að fara frá vefstólnum að akrinum og frá akrinum að vefstólnum. Tímatapið er eflaust miklu minna þegar hægt er að stunda iðnirnar tvær í sömu vinnustofunni. Jafnvel í slíku tilviki er það þó afar mikið. Menn fara sér venjulega heldur hægt þegar þeir víkja sér frá einu verki að öðru. Þegar maður byrjar á nýju verki er hann sjaldnast mjög ákafur og heitur, hann hefur hugann ekki við verkið, eins og sagt er, og hann dólar fremur en einbeittir sér almennilega til að byrja með. Þetta slór og það letilega einbeitingarleysi, sem náttúrulegt er eða frekar nauðsynlegt að verði til hjá hverjum verkamanni í sveit, sem þarf að skipta um verk og tól á hálf tíma fresti og beita höndum sínum á tuttugu ólíka vegu næstum hvern einasta dag ævinnar, gerir hann næstum alltaf duglausan og latan og óhæfan til nokkurra kraftmikilla átaka í vinnu, jafnvel af brýnasta tilefni. Þessi ástæða ein hlýtur að minnka töluvert þau afköst sem hann er fær um að ná, óháð skorti hans á leikni.

8 Í þriðja og síðasta lagi, þá hljóta allir að skilja hve mjög notkun rétttra véla hjálpar til við vinnuna og styttrir vinnutímann. Það þarf ekki að gefa dæmi. Ég ætla því aðeins að geta þess, að upphaflega virðist verkaskiptingin hafa leitt af sér uppfinningu allra þessara véla sem hjálpa svo mjög til við vinnuna og stytta vinnutímann. Menn eru miklu líklegri til að finna auðveldari og þægilegri aðferðir til að ná einhverju mark-

miði, þegar öll athygli þeirra beinist að þessu eina markmiði, en þegar athyglin dreifist á margvíslega hluti. En afleiðing verkaskiptingarinnar er sú að öll athygli sérhvers manns beinist náttúrulega að einu einföldu markmiði. Þess vegna má búast við því að einhver þeirra, sem vinna við eitt-hvert ákveðið verk, muni brátt finna auðveldari og fljótlegri aðferð til að inna sitt tiltekna verk af höndum þar sem eðli verksins leyfir slíkar umbætur. Margar þeirra véla, sem eru notaðar í þeim iðngreinum þar sem verkum er mest skipt, voru upphaflega uppfinning óbreyttra verkamanna sem störfuðu hver um sig að mjög einfaldri aðgerð og fóru því eðlilega að hugsa um hvernig mætti vinna verkið á auðveldari og fljótlegri hátt. Hver sá sem hefur oft skoðað slíkar vinnustofur hlýtur oft að hafa fengið að sjá mjög fínar vélar, sem voru uppfinningar verkamanna sem vildu flýta fyrir sér og auðvelda sinn hluta af verkinu. Við fyrstu gufuvélnar var alltaf hafður strákur og hann látinn opna og loka á víxl pípunni milli ketilsins og strokksins eftir því hvort stimpilstöngin var á uppleið eða niðurleið. Einn þessara stráka, sem hafði gaman af því að leika sér með félögum sínum, tók eftir því að með því að binda spotta frá handfangi ventsilsins, sem opnaði þessa pípu, yfir í annan hluta vélarinnar opnaðist ventillinn og lokaðist án hans hjálpar, og þannig fékk hann tóm til að leika sér með félögum sínum. Ein mikilvægasta umbótin sem hefur orðið á þessari vél, síðan hún var fundin upp, var þannig uppgötvun stráks sem vildi léttu sér verkin.

9 Því fer samt fjarri að allar umbætur á vélum séu uppfinningar þeirra sem hafa þurft að nota vélnar. Margar umbætur hafa verið gerðar af snilli vélasmiðanna eftir að vélagerð varð að sérstakri atvinnu og sumar gerðar af þeim sem eru kallaðir heimspekingar eða hugsandi menn, en starf þeirra er ekki að gera nokkurn hlut heldur að íhuga alla hluti og þess vegna geta þeir oft tengt saman öflin í hinum fjarlægustu og

ólíkustu hlutum. Þegar samfélaginu miðar fram verður heimspekin eða hugsunin að helstu eða einu atvinnu sérstaks hóps manna, eins og hver önnur atvinnugrein. Henni er líka skipt í mikinn fjölda ólíkra greina, eins og öðrum atvinnugreinum, og hver þeirra býður sérstökum flokki eða stétt heimspekingsa starf. Þessi verkaskipting í heimspekinni eykur leikni manna og sparar tíma, rétt eins og í öðrum greinum. Hver einstaklingur verður færari í sinni sérstöku grein, fleiri verk eru unnin samanlagt og vísindin vaxa töluvert af þessu.

- 10 Það er hin mikla margföldun framleiðslunnar í hinum margvíslegu iðngreinum, afleiðing verkaskiptingarinnar, sem veldur því almenna ríkidæmi sem nær niður til hinna lægstu stétta í vel stýrðum samfélögum. Sérhver verkamaður á mikið magn, sem hann má missa, af sínum eigin verkum. Hann þarfnast þeirra ekki. Og þar sem líkt er á komið fyrir öllum öðrum verkamönnum getur hann skipt miklu magni af sínum eigin varningi fyrir mikið magn af varningi þeirra, eða það sem er jafngilt því, fyrir það verð sem dugir fyrir miklu magni af varningi þeirra. Hann sér þeim ríkulega fyrir því sem þeir þarfnast og þeir sjá honum jafn ríflega fyrir því sem hann þarfnast og almennar allsnægtir dreifast út um allar stéttir samfélagsins.

- 11 Líttu á viðurgjörning hins venjulegasta iðnaðarmanns eða daglaunamanns í síðuðu og blómstrandi samfélagi og þú munt átta þig á því að fjöldi þess fólks sem á hlut, þó ekki sé nema afar smáan hlut, að þeim atvinnugreinum sem hafa verið notaðar til að sjá honum fyrir viðurgjörningi sínum, er ótölulegur. Ullarkápan, til dæmis, sem daglaunamaðurinn klæðist, jafn stórgerð og gróf og hún kann nú að virðast, er afurð sameinaðra starfa mikils fjölda verkamanna. Fjárhirðirinn, ullarflokkarinn, ullarkembirinn, litarinn, kambarinn, spunamaðurinn, vefarinn, þófarinn og sútarinn verða ásamt mörgum öðrum að leggja saman sínar ólíku listir til að fullgera jafnvel þessa látlausu

afurð. Hversu margir kaupmenn og flutningamenn til viðbótar hljóta að hafa unnið við að flytja efnin frá sumum þessara verkamanna til annarra sem oft búa í fjarlægum landshlutum! Hversu mikil verslun og siglingar sérstaklega, hversu margir skipasmíðir, sjómenn, seglagerðarmenn og kaðlagerðarmenn hljóta að hafa unnið við að safna saman hinum ólíku litarefnum sem litarinn notar, og koma oft frá hinum fjarlægustu heimshornum! Hvílíkt úrval verka er líka nauðsynlegt til að smíða verkfæri hins aumasta þessara verkamanna! Svo að ekkert sé nú sagt um svo flóknar vélar sem skip sjómannsins, myllu þófarans eða jafnvel vefstól vefarans, hugsum aðeins um hvílíkt úrval af verkamönnum þarf til að búa til þá afar einföldu vél, klippurnar sem sauðamaðurinn notar til að rýja féð. Náumamaðurinn, sá sem smíðaði ofninn til að bræða járngrýtið, skógarhöggsmáðurinn, sá sem brennir kolin sem eru notuð í járnbræðsluhúsinu, múrsteinagerðarmaðurinn, múrhleðslumaðurinn, verkamennirnir sem hugsa um ofninn, myllusmiðurinn, eldsmiðurinn og járnsmiðurinn, allir verða þeir að sameina sínar ólíku listir til að búa þær til. Ef við ætluðum að rannsaka á sama hátt alla hluta klæða hans og húsbúnaðar, grófu línskyrtuna sem hann gengur í næst sér, skóna sem hann hefur á fótunum, rúmið sem hann liggur í og alla þá ólíku hluta sem það er smíðað úr, rifjárnið sem hann notar við að tilreiða mat sinn, kolin sem hann notar í sama tilgangi, grafin úr iðrum jarðar og kannski flutt til hans eftir langri sjóleið og um langan landveg, öll önnur áhöld í eldhúsinu hans, öll önnur áhöld á borði hans, hnífana og gafflana, leirdiskana og pjáturdiskana sem hann notar undir matinn sinn, þá fjölmörgu menn sem bjuggu til brauð hans og bjór, glergluggann sem hleypir inn hita og birtu en heldur úti vindi og regni, með allri þeirri þekkingu og list sem er nauðsynleg til að búa til þá sælu og fögru uppfinningu, án hvernar hinir norðlægu hlutar heimsins hefðu varla getað boðið upp á

mjög þægilega búsetu, ásamt öllum tólum hinna ólíku verkamanna sem voru notuð til að framleiða allt þetta margvíslega hagræði. Ef við rannsökum, segi ég, alla þessa hluti og hugsum til þess, hve margbreytileg verk hefur þurft til hvers og eins þeirra, munum við skilja að án aðstoðar og samvinnu margra þúsunda manna væri ekki hægt að sjá fyrir hinum allra aumasta manni í síðuðu landi, ekki einu sinni í samræmi við það sem við svo ranglega ímyndum okkur að sé

hinn fábrotni og einfaldi viðurgjörningur sem hann hefur vanist. Vissulega hlýtur viðurgerningur hans að vera afar einfaldur og fábrotinn í samanburði við hinn mun óhóflegri munað mestu höfðingjanna, og þó er það ef til vill satt að evrópskur fursti hafi ekki alltaf jafn miklu betri viðurgerning en duglegur og sparsamur bóndi eins og hinn síðarnefndi býr við betri kost en margur Afríkukóngurinn, óskoraður herra yfir lífi og limum tíu þúsunda nakinna villimanna.

II KAFLI

Um lögmálið sem orsakar skiptingu verkanna

- 1 UPPHAFLEGA er þessi verkaskipting, sem leiðir til svo mikilla umbóta, ekki afleiðing-in af neinni mannlegri visku sem sér fyrir og ætlar sér það almenna ríkidæmi sem verka-skiptingin veldur. Hún er nauðsynleg en að vísu afar hægfara afleiðing af vissri hneigð í mannlegu eðli sem ætlar sér enga slíka almenna gagnsemi; hneigðinni til að skipta, bíta og kaupa einn hlut fyrir annan.
- 2 Vegna þessarar rannsóknar þarf ekki að athuga hvort þessi tilhneiging er ein af upprunalegum eiginleikum mannsins, sem enga frekari grein er hægt að gera fyrir, eða hvort hún er nauðsynleg afleiðing af hæfi-leikum manna til að hugsa og tala, eins og líklegra virðist. Hún er sameiginleg öllum mönnum og hana er ekki að finna í neinni annarri dýrategund, en dýrin virðast hvorki þekkja þessa gerð af samningum né nokkra aðra. Tveir mjóhundar, sem elta sama hérann, virðast stundum eiga með sér eins-konar samvinnu. Hvor um sig rekur hérann til félaga síns eða reynir að ná honum þegar félaginn rekur hann til sín. Þetta er samt ekki afleiðing af neinu samkomulagi, heldur af þeirri tilviljun að þeir hafa báðir áhuga á hinu sama á sama tíma. Enginn hefur nokkru sinni séð hund skipta við annan hund á beini af ásettu ráði. Enginn hefur nokkru sinni séð eitt dýr gefa öðru dýri með

bendingum og náttúrlegum veinum til kynna; þetta er mitt, þetta þitt, ég skal gefa þér þetta fyrir það. Þegar dýr vill eignast eitthvað, annaðhvort frá manni eða öðru dýri, hefur það enga aðra aðferð til að sannfæra þann sem það vill fá þjónustu frá en að koma sér í mjúkinn hjá honum. Hvolpur flaðrar upp um móður sína og vilji hundur fá að éta reynir hann með öllum brögðum að ná athygli eiganda síns sem situr að snæð-ingi. Stundum beitir maðurinn náunga sinn sömu brögðum og þegar hann hefur engin önnur ráð til að fá hann til að lúta vilja sínum reynir hann með auðsveipni og smjæðri að ávinna sér góðvild hans. Hann hefur samt ekki alltaf tíma til að gera þetta. Í síðuðu samfélagi þarfnast hann öllum stundum samvinnu og aðstoðar mjög margra manna en öll ævi hans dugir vart til að eignast vináttu nema fárra manna. Hjá næstum öllum öðrum dýrategundum verður hver einstaklingur algerlega sjálfstæður um leið og hann verður fullvaxta og við náttúrlegar kringumstæður hefur hann ekki þörf fyrir aðstoð neinnar annarrar lifandi skepnu. En maðurinn hefur nánast sífellda þörf fyrir hjálp náunga sinna og það er tóm mál fyrir hann að vænta hennar vegna góðvildar þeirra einnar saman. Honum mun miklu fremur takast að ávinna sér hana ef hann

getur vakið sjálfselsku þeirra og virkjað í sína þágu og sýnt þeim að það sé þeim til framdráttar að gera það sem hann ætlast til. Allir þeir sem bjóða öðrum upp á viðskipti af einhverju tæi hafa þetta í hyggju. Gefðu mér það sem ég vil fá og þú skalt fá það sem þú vilt, er meiningin í öllum svona tilboðum; og það er með þessari aðferð sem við hljótum mest af þeim góða atbeina sem við þörfnumst hver frá öðrum. Það er ekki vegna góðvildar slátrarans, bruggarans eða bakarans sem við væntum þess að fá málsverðinn okkar, heldur vegna þess að þeir hugsa um eigin hag. Engir nema betlarar vilja reiða sig eingöngu á góðvild samborgara sinna. Og jafnvel betlari reiðir sig ekki algerlega á hana. Góðvild vel innrættis fólks sér honum vissulega fyrir öllum þeim sjóði sem hann lifir á. En þó að þessi aðferð sjái honum á endanum fyrir öllum þeim lífsnaúðsynjum sem hann þarfnast, þá sér hún honum ekki fyrir þeim þegar honum hentar, enda gæti hún það ekki. Að megninu til er þörfum hans fullnægt, líkt og þörfum annars fólks er fullnægt, með samningum, bítum og kaupum. Hann kaupir mat fyrir peninga sem einn maður gefur honum. Hann skiptir gömlu fötunum, sem annar gefur honum, fyrir önnur gömul föt sem klæða hann betur eða fyrir húsaskjól eða mat eða peninga sem hann getur notað til að kaupa mat, klæði eða húsaskjól eftir þörfum.

- 3 Eins og það er með samningum, bítum og með kaupum, sem við fáum hver frá öðrum megnið af þeim góða atbeina sem við þörfnumst, þannig er það sama hneiðin til að býta sem kom verkaskiptingunni upphaflega til leiðar. Í ættbálki veiðimanna eða fjárhirða smíðar ákveðinn maður til dæmis boga og örvar fljótar og betur en nokkur annar. Hann skiptir þeim oft fyrir nautgripi eða villibráð og loks kemst hann að því að hann getur fengið meira af nautgripum og villibráð með þessari aðferð en með því að fara sjálfur út á mörkina til að veiða hana. Vegna eigin hagsmuna verður bogagerðin og örvagerðin þess vegna að helstu atvinnu

hans og hann gerist eins konar vopna-smiður. Annar skarar fram úr í því að smíða grindur og klæðningar á litlu kofana þeirra eða færanlegu húsin. Hann er vanur að hjálpa á þennan hátt nágrönnum sínum sem launa honum á sama hátt með nautgripum og villibráð, þangað til hann finnur loks að honum er fyrir bestu að helga sig alveg þessu starfi og verða einskonar húsasmiður. Á sama hátt verður hinn þriðji járnsmiður eða látúnssmiður, sá fjórði sútari eða sníðari skinna eða húða, en þær eru mikilvægasti hluti villimannaklæða. Og þannig mun viss- an um að geta skipt öllum afgangi af afurðum vinnu sinnar, sem er umfram það sem hann þarf sjálfur að nota, fyrir þá hluta af afurðum annarra manna sem þörf krefur, hvetja sérhvern mann til að halda sig við sérstaka atvinnugrein og að rækta og fullkomna alla hæfileika eða snilligáfu sem hann hefur til verka af því tæi.

- 4 Mismunurinn á náttúrulegum hæfileikum manna er í raun og veru miklu minni en við gerum okkur grein fyrir og hið býsna margvíslega atgervi, sem virðist aðgreina menn úr ólíkum starfsgreinum þegar þeir eru orðnir fullvaxta, er ekki jafn oft orsök að verkaskiptingunni og það er afleiðing af henni. Mismunurinn á hinum ólíkustu manngerðum, til dæmis munurinn á heimspekingi og venjulegum burðarkarli, virðist ekki svo mjög stafa af náttúrunni sem af siðum, venjum og uppeldi. Þegar þeir komu í heiminn, og fyrstu sex eða átta æviárin, má vera að þeir hafi verið mjög líkir og að hvorki foreldrar þeirra né leikfélagar hafi getað greint neinn umtalsverðan mun á þeim. En á þeim aldri, eða skömmu síðar, fara þeir að sinna býsna ólíkum verkefnum. Þá fer að sjást mismunur á hæfileikum þeirra og hann eykst smám saman uns fordild heimspekingsins vill að lokum vart viðurkenna nokkur líkindi. En án hneiðarinnar til að býta, skipta og kaupa hefði hver maður séð sjálfum sér fyrir öllum nauðsynjum og lífsþægindum sem hann þarfnadist. Allir hefðu þá haft sömu skyldum að gegna

og sömu verk að vinna og þá hefði enginn slíkur munur orðið á verkahringum þeirra sem einn hefði dugað til að valda miklum mun á hæfileikum þeirra.

- 5 Líkt og það er þessi tilhneiging sem myndar þennan hæfileikamun, sem er svo greinilegur hjá mönnum úr ólíkum starfsgreinum, þannig veldur sama tilhneigingin því að mismunurinn verður gagnlegur. Margir ættbálkar dýra, sem er viðurkennt að séu allir sömu tegundar, þiggja miklu mismunari gáfur frá náttúrunni en virðist gerast meðal manna áður en siðir og menntun fara að segja til sín. Frá náttúrunnar hendi er heimspekingur ekki hálf eins ólíkur burðar karli, hvorki í gáfum né hneigðum, eins og mastiffhundur er ólíkur mjóhundi eða mjóhundur ólíkur spaníelhundi eða sá síðastnefndi er ólíkur fjárhundi. Þessir ólíku flokkar af dýrum eru samt varla til nokkurs gagns hver fyrir annan þótt þeir séu sömu tegundar. Styrkur mastiffhundsins fær ekki

nokkurn stuðning; hvorki af snerpu mjóhundsins, dómgreind spaníelhundsins né hlýðni fjárhundsins. Afleiðingum þessara ólíku gáfna og hæfileika er ekki hægt að safna í sameiginlegan sjóð vegna skorts á getunni eða hneigðinni til að býta og kaupa. Þær leggja því ekkert til batnandi viðurgjörnings eða aukins hagræðis tegundarinnar. Sérhvert dýr verður áfram, einsamalt og á eigin fótum, að sjá fyrir sér og verja sig og fær engan stuðning til þess af þeim margbreytilegu hæfileikum sem náttúran hefur gefið félögum þess. Gagnstætt þessu eru menn með ólíkustu gáfur gagnlegir hverjir öðrum. Vegna hinnar almennu hneigðar til að býta, skipta og kaupa eru hinar ólíku afurðir hæfileika þeirra færðar, ef svo má segja, í sameiginlegan sjóð þar sem hver maður getur keypt það sem hann þarfnast af afurðunum sem hæfileikar annarra manna hafa gefið af sér.

Birt með góðfúslegu leyfi þýðanda, Þorbergs Þórssonar, og útgefanda, Bókafélagsins í Reykjavík.